

Nd.

617. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og telur, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um fjárhagsaðstoð, sem lútin er í té ýms-um stofnunum og félögum í svipuðu formi og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, með það fyrir augum, að heildarlöggjöf verði sett um aðstoð við þessa aðila.

Þar sem senn líður að þinglokum og því ekki tími til að endurskoða þessi mál í heild og bæði þau samtök, sem um ræðir í þessu frv., þurfa á auknu fé að halda til sinnar mikilvægu starfsemi, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

HV var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Jón Skaftason.

Axel Jónsson.

Sigfús J. Johnsen.

Ágúst Þorvaldsson.